

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps.

### I. KAFLI.

#### 1. gr.

Hitaveita Ytri-Torfustaðahrepps selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim sem gerð hafa verið eða verða gerð á Laugarbakka eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps staðfestri af iðnaðarráðuneyti 29. september 1986.

#### 2. gr.

Hitaveita Ytri-Torfustaðahrepps lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

#### 3. gr.

Vatnsmagn það sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. gr. er afhent notanda um rennslismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

### II. KAFLI.

#### 4. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

1. Heitt vatn um rennslismæli:

A. Fyrir hvern rúmmetra vatns til annarra en í B lið . . . . .	kr. 20,00
B. Garðyrkjustöðvar, fyrir hvern rúmmetra vatns . . . . .	kr. 13,35
Auk þess greiðist mælaleiga fyrir hvern mánuð . . . . .	kr. 350,00

#### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumans eða innheimtustofnunar sem sveitastjórn ákveður. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

### III. KAFLI.

#### 6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál m<sup>3</sup>)

Allt að 600 m<sup>3</sup> kr. 100 000

600–2000 m<sup>3</sup> kr. 100 000 fyrir 600 m<sup>3</sup> + 100,00 pr. m<sup>3</sup> þar yfir.

Stærri en 2000 m<sup>3</sup> kr. 258 000 fyrir 2000 m<sup>3</sup> + 80,00 pr. m<sup>3</sup> þar yfir.

Heimæðargjald skal greiðast áður en heimæð tengist hitakerfi hússins samkvæmt þágildandi gjaldskrá.

#### 7. gr.

Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta hitaveitugjöldum, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

## 8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og er þá stjórn hitaveitu heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

## 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

## 10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er kr. 2 000,00 í hvert skipti.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur.

## 11. gr.

Eftirlitsmaður Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps skal hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Ytri-Torfustaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 23. mars 1993.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. stöðubann í Vallarstræti og Thorvaldsensstræti.
2. stöðubann við Skógarás, beggja vegna, frá Selásbraut að göngustíg móts við hús nr. 6. Ákvörðun þessi tekur gildi 30. mars 1993.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 17. mars 1993.*

**Böðvar Bragason.**